

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Hollvinasjóð Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Hollvinasjóður Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, skammstafað HHVest. Sjóðurinn er með aðsetur á sjúkrahúsinu á Torfnesi á Ísafirði. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988 og stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að efla og styrkja þá starfsemi sem fram fer á eða í tengslum við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og er til þess að bæta heilsu og líf íbúa á svæðinu með beinum eða óbeinum hætti.

Skal það gert með öflun og ávöxtun fjár, meðal annars til tækjakaupa, með því að vekja athygli á og hvetja til styrktar starfseminnar á opinberum vettvangi, með því að styðja við menntun og símenntun starfsfólks og íbúa, með samstarfi við önnur góðgerðafélög og öðrum þeim leiðum sem stjórn telur heilbrigðisstofnuninni eða heilsu íbúa umdæmisins til framdráttar.

3. gr.

Stjórn er heimilt að halda skrá yfir hollvini sem greiða reglubundið gjald til sjóðsins, til dæmis árgjald. Hollvinir geta bæði verið einstaklingar og fyrirtæki. Greiðsla gjalds veitir engin sérréttindi nema stjórn ákveði sérstaklega.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru gjöld hollvina, frjáls framlög, arður, arfur, ánafnanir og aðrar tekjur. Fé sjóðsins skal ávaxtað á tryggilegan hátt með arðsemi að leiðarljósi.

Fjárframlög má ánafna ákveðinni starfsemi heilbrigðisstofnunarinnar. Dæmi um slíkt eru ákveðin tækjakaup, starfsemi ákveðinnar deildar eða starfsstöðvar og stuðningur við menntun starfsfólks. Stjórn skal virða vilja þeirra sem skilyrt hafa gjafir eða framlög sín. Haldin skal skrá yfir skilyrt fé og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi. Stjórn er heimilt að fella niður skilyrðingu fjárframlags sem er undir 200.000 kr. miðað við verðlag 2022 og verja þeim fjármunum samkvæmt almennum markmiðum sjóðsins.

Óskilyrtum fjárframlögum ráðstafar stjórn sjóðsins í samræmi við markmið þeirra samkvæmt 2. gr.

5. gr.

Stofnframlag sjóðsins er fé sem safnað hefur verið í aðdraganda stofnunar hans auk fjár sem tileinkað var hjúkrunarheimilinu Eyri á Ísafirði, samtals 4.134.189 kr. Fjárvörsluaðili þess, og þar með stofnandi sjóðsins, er Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, kt. 650914-0740.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hann kann að eignast síðar.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta. Stjórn skal velja einn eða fleiri skoðunarmenn til að endurskoða reikninga fyrir hvert starfsár. Skoðunarmenn má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna.

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða sér um fjárvörslu fyrir sjóðinn og skulu forstjóri og fjármálastjóri hafa prókúru fyrir reikninga sjóðsins auk gjaldkera í stjórn.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum til tveggja ára í senn. Fráfarandi stjórn við lok kjörtímabils kys nýja stjórn eða skipar nýja fulltrúa jafnóðum ef stjórnarmenn ganga úr stjórn. Heilbrigðisstofnun Vestfjarða tilnefnir tvo stjórnarmenn í stjórn sem skulu, nema framkvæmdastjórn stofnunarinnar ákveði annað, vera forstjóri og framkvæmdastjóri lækninga.

Fyrstu stjórn skipa stjórnendur heilbrigðisstofnunarinnar. Þrír þeirra skulu víkja sæti eftir því hvernig til tekst að fá til stjórnarstarfa fólk utan stofnunarinnar, jafnvel þó tveggja ára skipunartími skv. 1. mgr. sé ekki runninn út.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn. Stjórn hans getur veitt umboð fyrir sjóðinn.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum. Fundi má halda með fjarfundabúnaði.

8. gr.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

9. gr.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina sjóðinn öðrum sjóði eða leggja hann niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Komi til niðurlagningar sjóðsins skal hreinni eign hans varið til markmiðanna sem greint er frá í 2. gr.

10. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 6. desember 2022,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrímsdóttir.